

Nd.

923. Nefndarálit

um frumvarp til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur haft frumvarp þetta afar lengi með höndum, og stafar dráttur sá, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins, einkum af því, að þunglega horfði um, að samkomulag næðist lengi framan af, enda þótt allir nefndarmenn væru málinu hlynntir. En svo fór að lokum, að 4 nefndarmenn urðu á eitt sáttir og standa að nefndaráliti þessu. Garðar Þorsteinsson er málinu hlynntur, en telur ákjósanlegra að ríkisstjórnin undirbúi það nánar og mun skila álitum þar að lútandi.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar eftirtöldum aðilum: Fræðslumálastjórn, bæjarráði Reykjavíkur, barnaverndarráði og barnavinafélaginu Sumargjöf, og fékk nefndin frá þeim skýr og greinagóð svör, er höfðu að geyma margvíslegar hagkvæmar bendingar og uppástungur, sem nefndin hefur tekið fullt tillit til við afgreiðslu málsins og notfært eftir föngum. Allir þeir aðilar, er að svörunum stóðu, voru á einu máli um gildi og gagnsemi dagheimila og töldu löggjöf um það efni æskilega.

Meðal menningarþjóða eru dagheimili fyrir löngu viðurkennd sem hinar ákjósanlegustu uppeldis- og fræðslustofnanir, er veiti börnum, er þar dvelja, örugga umsjá jafnframt því að þroska með þeim hvers konar félagslegar dyggðir, temja þeim hollar lífsvenjur og heilbrigð lífsviðhorf.

Með hinum öra vexti kaupstaðanna og aðstreymi fólks þangað á hinum síðari árum, hafa skapast þar ýmiss konar uppeldiserfiðleikar, er orðið geta þjóðarheildinni áhættusamir, ef ekki er úr bætt, og þegar hafa reynzt mörgum einstaklingi næsta orlagaríkir. Valda hér um miklu þröng og léleg húsakynni fjölda fólks ásamt hinu, að allviða er lítið um opin svæði, er börn geti verið óhult að leikum. Þegar þar við bætist, að tilfinnanlegur skortur er á starfskröftum til barnagæzlu, en öryggisleysi á götum úti eykst svo óðfluga með vaxandi bílanotkun, að umferðaslys eru þegar orðin með tíðustu dánarorsökum, mun ekki ofmælt, að kjör mikils hluta hinnar uppvaxandi kaupstaðæsku séu orðin svo ill, að óviðunandi er. Telur meiri hl. nefndarinnar, að stofnun og rekstur nægilega margra dagheimila sé sú ráðstöfun, er bezt geti bætt úr þeim vanda, og lítur svo á, að með frumvarpi þessu sé stefnt í rétta átt, og leggur til, að það verði samþykkt í aðalatriðum, en þó með allmiklum breytingum, sem nánar verða skýrðar í framsögu. Þeirra veigamest er sú, að framkvæmd laganna að því er áhrærir fjárútlát af hálfu hins opinbera til stofnkostnaðar og rekstrar dagheimila sé jafnan háð samþykki Alþingis. Er það skoðun meiri hl. nefndarmanna, að ráðlegra sé að fella það skilyrði inn í frumvarpið, enda er það í samræmi við hliðstæð lagaákvæði, svo sem um þátt ríkisins í rekstri og byggingu skóla.

Væntir meiri hl. nefndarinnar þess, að Alþingi sýni máli þessu fullan skilning, og mælir með, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem felast í breytingartillögum þeim, sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. maí 1947.

Sigurður E. Hlíðar,
form.

Katrin Thoroddsen,
fundaskr., frsm.

Helgi Jónasson.

Gylfi Þ. Gíslason.